

Hryggjum í Mýrdal, 1. febrúar 2010

**Viðtakandi:**  
Mýrdalshreppur  
Austurvegi 17  
870 Vík í Mýrdal

**Athugasemd til hreppsnefndar Mýrdalshrepps um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins 2009-2025**

Ég undirritaður ábúandi og landeigandi Hryggja, mótmæli harðlega stofnmarkmiði og útfærslu þess í aðalskipulagstillögunni um breytt vegstæði Þjóðvegjar 1 um Mýrdal, sbr. kafla 2.5.1 í greinargerð, sveitarfélagsuppdrátt og umhverfisskýrslu. En samkvæmt auglýsingu sveitarstjórnar 22.12.2009 eru skipulagsgögn talin vera skipulagsgreinargerð, skipulagsuppdráttir og umhverfisskýrsla.

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni mun hin nýja veglína liggja um eignarland mitt sem er ræktað land til beitar og slægna og mun gera jörðina nær óhæfa til hefðbundins búskapar þar sem hún er aðeins 100 ha. að stærð.

Ég vek athygli á því að ósamræmis gætir í skipulagsgögnum um legu vegstæðis. Þetta á sérstaklega við vestan Reynisfjalls þar sem sveitarfélagsuppdrátti og myndum í umhverfisskýrslu ber ekki saman. Það ósamræmi er óásættanlegt ef meta skal nákvæmlega tjón af völdum nýrrar veglínu. Ég hlýt sem landeigandi að reikna með að lýsing á myndum í umhverfisskýrslu gildi þar sem hún er nákvæmari. Athugasemdir mínar um málið eru hinsvegar miðaðar við hvorn kostinn sem er.

Samþykkt veglínunnar á aðalskipulag sveitarfélagsins mun að öllum líkindum leiða til mikillar rýrnunar á verðmæti Hryggjajarðarinnar og fasteigna á henni, m.a. vegna gríðarlegra breytinga sem bygging og lega væntanlegrar veglínu munu hafa í för með sér fyrir skilyrði til landnýtingar og búsetu á jörðinni.

Veglínan mun, þegar til framkvæmda kemur, valda gríðarlegu ónæði og raski meðan á byggingu stendur. Tiltölulega stutt er síðan veglínu Þjóðvegjar 1 var breytt og hún færð lengra inn á land Hryggjajarðarinnar. Ekki er á það tjón bætandi sem þá varð. Verði hin nýja veglína að veruleika mun hún skerða enn meir til allrar fyrirsjáanlegrar framtíðar gæði jarðarinnar. Jarðrask og mengun af völdum ryks, útblásturs og hávaða mun aukast og skaða lífsskilyrði gróðurs, fuglalífs, búfænaðar og ekki síst okkar íbúanna. Þá mun veglínan breyta enn frekar ásýnd okkar nánasta umhverfis sem er til þess fallið að draga enn úr verðgildi jarðarinnar.

Við ábúendur Hryggja höfum á síðustu áratugum fjárfest í húsakosti, vélum og jarðabótum. Við höfum unnið að því að tryggja góða túnrækt og næg náttúruleg beitolönd til framleiðslu á heilnæmu grasfóðri fyrir mjólkurkúr og annan búpening, sem hagnýttur

er til hefðbundinnar búvöruframleiðslu. Þessum fjárfestingum er ógnað með tillögu sveitarstjórnar um tilfærslu veglínu þjóðveggar 1 í gegnum Dyrhólahverfi og um Hryggjaland.

Ég bendi á að eignarrétturinn er varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar því aðeins skerðingu þess réttar að almenningsspörf krefji, en við mat á því verði að gæta meðalhófs. Í dómi hæstaréttar nr. 425/2008 dags. 19. mars 2009 var vísað til þessa stjórnarskrárákvæðis þegar hafnað var lagningu vegar um einkaland. Til áréttingar skal vísað til álits og athugana Vegagerðar ríkisins sem benda til þess að með endurbótum á núverandi þjóðvegi 1 um Mýrdal megi ná þeim meginmarkmiðum að tryggja greiðar, hagkvæmar og öruggar samgöngur án umtalsverðs tjóns á umhverfi.

Ég bendi sömuleiðis á að skipulagslög kveða á um að þess skuli jafnan gætt að fullt samráð sé haft við landeigendur vegna allra fyrirhugaðra framkvæmda á landi viðkomandi. Í tilviki mínu sem ábúanda og eiganda Hryggja hefur slíks samráðs aldrei verið leitað, en að sama skapi hafa skrifleg andmæli mín við málatilbúnaði um breytta veglínu verið virt að vettugi.

Að ofansögðu geri ég þá kröfu að tillaga um breytta veglínu þjóðveggar 1 um Mýrdal verði felld úr aðalskipulagstillögunni. Að öðrum kosti áskil ég mér rétt til að grípa til allra tiltækra réttarfarslegra úrræða til að fá ákvæðum þess efnis hnekkkt, en krefjast skaðabóta ella.

*Ásmundur Bjarni Sæmundsson*

Ásmundur Bjarni Sæmundsson  
Kt. 250559-4889  
Hryggjum  
871 Vík